um frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eftir að hafa athugað frv. þetta, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje rjett á þessu þingi að lögskipa baðanir til útrýmingar fjárkláða.

Nefndinni er ekki kunnugt um það, að nokkur gögn liggi fyrir þinginu, sem geri það nauðsynlegt að samþykkja frv. á þessu þingi. Það hafa að minsta kosti ekki, svo vitanlegt sje, komið fram kvartanir frá bændum eða sauðfjáreigendum, og í sumum sýslum er talið, að enginn fjárkláði muni finnast.

Hins vegar mun því aftur á móti ekki verða neitað, að talsverður fjárkláði finnist í öðrum sýslum, án þess þó að mikil brögð sjeu að því. Sumir bændur eru þeirrar skoðunar, að mistök þau, sem orðið hafa á fyrirskipunum um notkun baðlyfja síðustu árin, muni frekar hafa orðið til þess að auka fjárkláðann. Þeir halda því fram, að þrifabaðanir á sauðfje geti mikið haldið fjárkláðanum í skefjum, jafnvel eytt honum, ef hin rjettu baðlyf eru notuð.

Nefndin leggur engan dóm á þetta, en sýnist þó, með það fyrir augum, rjett að fresta lagasetningu um útrýmingarböðun á fjárkláða, þar til leitað hefir verið umsagnar hreppsnefnda og sýslunefnda í landinu um þetta mál. Nefndin er því sammála um að leggja það til, að deildin afgreiði mál þetta með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að þau rök vantar, er nægi til þess, að þingið eigi nú þegar að lögskipa baðanir til útrýmingar fjárkláða, þá vill deildin fara þess á leit við rikisstjórnina, að hún leiti umsagnar allra sýslunefnda í landinu áður en lengra er gengið í þessu máli, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1926.

Eggert Pálsson, form.	Ágúst Helgason, fundaskr.	Gunnar Ólafsson, frsm.